



## Samkomulag um sameiginlega ábyrgð

### 1. Aðilar

- 1.1 Samkomulag þetta er gert milli Sambands íslenskra sveitarfélaga (einnig nefnt „sambandið“) og \_\_\_\_\_ (einnig nefnt „sveitarfélagið“ eða „stofnunin“).

### 2. Markmið

- 2.1 Tilurð samkomulags þessa er sú ákvörðun sérhvers sveitarfélags eða hlutaðeigandi stofnun að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð til að koma fram fyrir þess hönd við samningaviðræður um gerð kjarasamninga.
- 2.2 Aðilar samkomulagsins eru sjálfstæðir ábyrgðaraðilar og hafa sjálfstæða heimild til vinnslu persónuupplýsinga, sveitarfélagið á grundvelli laga en sambandið á grundvelli umboðs sveitarfélagsins. Með samkomulagi þessu er fyrirhugað að einfalda ferli við öflun nauðsynlegra gagna við undirbúning viðræðna um kjarasamninga.
- 2.3 Þar sem aðilar samkomulagsins vinna að þeim sameiginlega tilgangi að vinna að gerð kjarasamninga og tryggja áreiðanleika upplýsinga hafa þeir í sameiningu unnið að útfærslu á aðferð við vinnslu persónuupplýsinga til að ná því markmiði og líta þeir svo á að þeir teljist vera sameiginlegir ábyrgðaraðilar í skilningi 23. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (pvl.), sbr. 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 (pvrgr.).
- 2.4 Aðilar samkomulagsins bera hvor um sig ábyrgð á þeirri vinnslu sem þeir inna af hendi og ákveða hvaða aðferðum er beitt í þeirri vinnslu að því leyti sem þeir hafa ekki komið sér saman um það í samkomulagi þessu.
- 2.5 Með samkomulaginu er ákveðið á gagnsæjan hátt ábyrgð hvors aðila um sig á því að skuldbindingar laga séu uppfylltar, einkum réttindi hinna skráðu, nema að því marki sem ábyrgð hvors um sig er ákveðin með lögum sem þeir heyra undir.

### 3. Vinnsluheimildir aðila

- 3.1 Sveitarstjórnir fara með fyrirvar sveitarfélags síns að því er varðar gerð kjarasamninga við starfsmenn sína, samkvæmt lögum, sbr. m.a. 4. og 5. mgr. 3. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, sbr. og öðrum lögum sem varða réttindi og skyldur launagreiðenda og launþega, sbr. m.a. lög um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938 Ljóst er að sú skylda felur í sér eðli málsins samkvæmt vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um stéttarfélagasáild starfsmanna.
- 3.2 Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu og fer með sameiginleg hagsmunamál þeirra eftir því sem þau ákveða, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Sveitarfélagið/stofnunin hefur falið sambandinu umboð til kjarasamningagerðar.
- 3.3 Í umboðinu kemur m.a. fram að það feli sambandinu fullnaðarumboð til kjarasamninga fyrir sína hönd við tilgreind stéttarfélög. Kjarasvið sambandsins mun á grundvelli þess umboðs annast allar kjaraviðræður við viðkomandi stéttarfélög, ganga frá kjarasamningum og annast útgáfu þeirra í samráði við viðkomandi stéttarfélög. Vinna að framkvæmd einstakra þátta samninganna á samningstímanum eins og við á og túlka og aðstoða sveitarfélagið/stofnunina við framkvæmd þeirra.

- 3.4 Sveitarfélagið/stofnunin skuldbindur sig samkvæmt umboðinu til þess að afhenda Sambandi íslenskra sveitarfélaga upplýsingar um laun og önnur starfskjör starfsmanna sveitarfélagsins/stofnunarinnar með rafrænum hætti m.a. í gegnum gagnalónið. Einnig heimilar sveitarfélagið/stofnunin að ópersónurekjanleg launagögn verði afhent viðkomandi heildarsamtökum launþega sem um það gera samkomulag við sambandið.
- 3.5 Heimild til vinnslu persónuupplýsinga leiðir þannig af skyldu sveitarfélaga til að gera kjarasamninga við stéttarfélag starfsmanna sinna og heimild þeirra skv. sveitarstjórnarlögum til að fela sambandinu umboð til þeirra viðræðna.
- 3.6 Vinnsluheimild almennra persónuupplýsinga er því lagaskylda, sbr. 3. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018 og vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga um stéttarfélagsaðild byggir á 2. tl. 11. gr. laganna þar er vinnslan er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili geti staðið við skyldur sínar samkvæmt vinnulöggjöf.

#### **4. Lýsing á vinnslunni**

- 4.1 Fyrirhuguð vinnsla verður með þeim hætti að sveitarfélagið/stofnunin miðlar nánar tilgreindum gögnum um starfsmenn sína úr launakerfum beint til Sambands íslenskra sveitarfélaga, í svokallaða móttökugátt. Nánar tiltekið eru persónuupplýsingar auðkenndar með síðustu sex tölustöfum kennitölu, til að draga úr persónugreinanleika, í móttökugáttina þar sem útbúið er auðkennisnúmer sem nýtt er í gagnalóninu og upplýsingar um viðkomandi launamann eru tengdar því ID-númeri.
- 4.2 Að lokinni umbreytingu gagna er gögnum eytt úr móttökugáttinni og miðlað í Gagnalónið. Bæði móttökugáttin og gagnalónið eru hýst hjá Amazon Web Services á grundvelli vinnslusamnings sambandsins og Amazon.
- 4.3 Samband íslenskra sveitarfélaga tekur þannig við gögnum með öruggum hætti og gerir gögnin ópersónugreinanleg. Sambandið vinnur að því loknu ákveðnar tölfræðiupplýsingar úr gagnalóninu sem nauðsynlegar eru vegna kjarasamningsviðræðna.
- 4.4 Nánar er fjallað um vinnslu tilvitnaðra persónuupplýsinga í fyrirliggjandi mati á áhrifum persónuverndar, sem er aðgengilegt aðilum þessa samkomulags.

#### **5. Sameiginlegar skyldur aðila**

- 5.1 Aðilar samkomulags skulu tryggja áreiðanleika upplýsinga og upplýsa hvorn annan eins fljótt og auðið er ef í ljós kemur að upplýsingar eru ónákvæmar.
- 5.2 Aðilar samkomulagsins skulu viðhafa tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja vernd persónuupplýsinga sem samkomulag þetta tekur til, einkum að því er varðar óviljandi eða ólögsmæta eyðingu persónuupplýsinga, að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi. Skulu aðilar taka mið af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd sem og þeirri áhættu sem vinnsla persónuupplýsinga getur haft í för með sér. Hafa skal hliðsjón af eðli, umfangi og tilgangi vinnslu persónuupplýsinga þegar metið er hvað teljist til viðeigandi öryggisráðstafana.
- 5.3 Aðilar skulu tryggja trúnað um vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem samkomulagið tekur til og tryggja að þeir starfsmenn sem hafa aðgang að persónuupplýsingum í tengslum við samkomulagið hafi undirritað trúnaðaryfirlýsingu eða séu bundnir trúnaði samkvæmt lögum.
- 5.4 Aðilar samkomulags skulu tilkynna hvor öðrum um hvers konar öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga sem tengjast samkomulaginu til samræmis við skyldur samningsaðila, og séu skilyrði uppfyllt skv. 27. gr. pvl. skal einnig tilkynna öryggisbrestinn til Persónuverndar og ef við á og mögulegt er, hafa samráð um slíka tilkynningu.
- 5.5 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur framkvæmt mat á áhrifum á persónuvernd á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem samkomulag þetta nær til, sem verður aðgengilegt sveitarfélögum og öðrum aðilum samkvæmt samkomulagi þessu.

## 6. Ábyrgð sveitarfélags/stofnunar

- 6.1 Sveitarfélagið/stofnunin ber ábyrgð á og skal tryggja eftirfarandi ráðstafanir:
- Ber ábyrgð og tryggir öryggi og aðgangsstýringar þeirra kerfa sem hafa að geyma upplýsingar sem notast skal við samningaviðræður vegna kjarasamninga.
  - Sveitarfélagið ber ábyrgð á því að upplýsingar sem miðla skal séu réttur, nægilegar og takmarkaðar við það sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslunnar.
  - Sveitarfélagið ber ábyrgð á lögmæti þess að upplýsingum var safnað og að þeim sé miðlað í þeim tilgangi sem samkomulag þetta tekur til.
  - Sveitarfélagið/stofnunin ber ábyrgð á fræðsluskyldu samkvæmt lögum um persónuvernd.

## 7. Ábyrgð Sambands íslenskra sveitarfélaga

- 7.1 Sambandið ber ábyrgð á og skal tryggja eftirfarandi ráðstafanir:
- Tryggir fullnægjandi öryggisdulkóðun netsamskipta við flutning gagna frá sveitarfélagi til sambandsins.
  - Tryggir örugga móttöku gagna frá hlutaðeigandi sveitarfélagi/stofnun.
  - Tryggir að upplýsingar séu gerðar ópersónugreinanlegar eða persónuauðkenni fjarlægð við móttöku þeirra.
  - Tryggir örugga vistun gagna eftir móttöku þeirra
  - Tryggir að upplýsingar séu eingöngu nýttar í þeim tilgangi að sinna því verkefni sem felst í umboði sveitarfélagsins.
  - Tryggir að gerðir séu fullnægjandi vinnslusamningar við alla vinnsluaðila.
  - Vörslutími og eyðing. Persónuupplýsingar verða ekki varðveittar lengur en þörf krefur m.v. tilgang vinnslunnar, eða sem nemur tímabili tveggja kjarasamninga, þó að hámarki 6 ár.

## 8. Réttindi hinna skráðu

- 8.1 Sveitarfélagið/stofnunin ber á ábyrgð á því að veita hinum skráða upplýsingar (fræðslu) um vinnslustarfsemina fyrir eða um leið og vinnsla hefst í samræmi við 13. og 14. gr. pvrgr. Þar skal vinnslunni lýst og hinn skráði upplýstur um réttindi hans í tengslum við vinnsluna.
- 8.2 Sveitarfélagið/stofnunin skal vera tengiliður fyrir hina skráðu varðandi réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarlögum. Hvor samningsaðili fyrir sig skal þó engu að síður taka við beiðnum hinna skráðu sem þeim kunna að berast í tengslum við réttindi einstaklinga á grundvelli persónuverndarlaga og veita hvor öðrum nauðsynlega aðstoð við að verða við slíkum beiðnum gerist þörf á.

## 9. Tegundir persónuupplýsinga og flokkar hinna skráðu

- 9.1 Skráðir einstaklingar eru starfsmenn sveitarfélags/stofnunar
- 9.2 Unnið er með eftirfarandi tegundir persónuupplýsinga – líkt og tilgreint er í fyrirbyggjandi mati á áhrifum persónuverndar:

Ár

Mánuður

Nafn sveitarfélags

Stéttarfélag

Kjarasamningur

Launatímabil

Svið

Tegund ráðningar

Vinnufyrirkomulag

Útborgunarlaunaþrep  
Ístarf4

### **Upplýsingar um launþega**

Kyn  
Kennitala (síðustu sex stafir)  
Starfsaldur  
Menntun (ISCED)  
Starfsmaður auðkenni  
Persónuálag vegna símenntunar (starfsreynslu)  
Persónuálag vegna viðbótarmenntunar

### **Upplýsingar skv. ráðningarsamningi**

Vinnustaður  
Starfsheiti á launaseðli  
Starfsheiti samkvæmt starfsmati  
Starfshlutfall  
Grunnlaunaflokkur  
Útborgunarlaunaflokkur  
Fjöldi fastra yfirvinnutíma  
Fjöldi breytilegra yfirvinnutíma

### **Launaupplýsingar:**

TV einingar  
Orlofsgreiðslur  
Önnur laun  
Heildarlaun  
Aksturgreiðslur  
Dagpeningagreiðslur  
Launatengd gjöld  
Dagvinnulaun  
Yfirvinnulaun (fastir)  
Yfirvinnulaun (breytilegir)  
Vaktaálagslaun  
Vaktaálagstímar  
Vaktahvati (hlutfall)  
Vaktahvati (laun)

## **10. Tengiliðaupplýsingar**

- 10.1 Allar tilkynningar vegna samkomulags þessa skulu vera skriflegar
- 10.2 Tilkynningar til Sambands íslenskra sveitarfélaga skulu berast til eftirfarandi aðila:  
Valur Rafn Halldórsson ([valur.rafn.halldorsson@samband.is](mailto:valur.rafn.halldorsson@samband.is)) og/eða Sigurður Ármann Snævarr ([sigurdur.snaevarr@samband.is](mailto:sigurdur.snaevarr@samband.is)) og/eða Inga Rún Ólafsdóttir ([inga.run.olafsdottir@samband.is](mailto:inga.run.olafsdottir@samband.is))

10.3 Tilkynningar til sveitarfélagsins eða stofnunar skulu berast til:

---

(nafn og netfang)

---

(nafn og netfang)

## **11. Gildistími og uppsögn samkomulags**

11.1 Samkomulag þetta öðlast gildi við undirritun ábyrgðaraðila.

11.2 Samkomulag þetta er í gildi á meðan vinnsla á umræddum persónuupplýsingum varir í samræmi við þá verkskiptingu sem kveðið er á um í samkomulagi þessu, eða þar til annað samkomulag kemur í stað þess.

## **12. Undirritun**

12.1 Samningur þessi er rafrænt undirritaður í samræmi við lög um rafrænar undirskriftir nr. 55/2019 og reglugerð Evrópuráðsins nr. 910/2014 (eIDAS), af Karli Björnssyni, fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, og fyrir hönd sveitarfélagsins/stofnunar undirritar eftirfarandi aðili:

---

(Nafn, kt., netfang og farsímanr.)

12.2 Hvor samningsaðila varðveitir eintak af samningnum. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og staðfesta með undirritun sinni rétt sinn varðandi umboð til undirritunar fyrir hönd aðila.